

Atvinnuveganefnd Alþingis  
b.t. nefndarmanna:



Reykjavík 13. febrúar, 2015

Varðandi beiðni um umsögn um breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 13/141 viljum við taka fram:

Alþingi kallar enn og aftur eftir faglegum umsögnum og sérfræðiálitum. Á vegum NASF er starfandi fjölbjóðlegur hópur sérfræðinga sem staðsettir eru víðs vegar í heiminum. Þessir vísindamenn hafa hvað eftir annað samið álitserðir að ósk ráðuneyta og Alþingis Íslendinga. Í þessum efnum hefur alltaf skort mikilvægar grunnupplýsingar frá Landsvirkjun sem henni ber þó að leggja fram. Þar til þessar upplýsingar sjá dagsins ljós er öll málsmeðferð á Alþingi ómarktæk og byggð á ótraustum forsendum.

Þá er vísað í bréf NASF til ykkar dagsett 21. nóvember sl. þar sem nánar kemur fram hvaða upplýsingar um er að ræða.

Virðingarfyllt,

Orri Vigfússon  
NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna.